





# Það var gömul ugla

Það var gömul ugla með
oddkvasst nef,
tvö lítil eyru og 8 litlar klær.
Hún sat uppi í tré og þá komst þú,
þá flaug hún í burtu og sagði: ú-ú-ú.



# Krummi krunkar úti

Krummi krunkar úti,kallar á nafna sinn:
„Ég fann höfuð af hrútihrygg og gæruskinn."
::Komdu nú og kroppaðu með mér,krummi nafni minn.::

# Í leikskóla er gaman

Í leikskóla er gaman þar leika allir saman leika úti og inni og allir eru með. Að hnoða leir og lita þú ættir bara að vita hvað allir eru duglegir í leikskólanum hér.







# Gulur, rauður ...

Gulur, rauður, grænn og blár svartur, hvítur, fjólublár. Brúnn bleikur banani appelsína talandi. Gulur, rauður, grænn og blár svartur, hvítur, fjólublár.





# Einn og tveir og þrír

Einn og tveir og þrír fjórir fimm og sex
sjö, átta og níu við teljum upp á
tíu.Tralalalala, Tralalalala Tralalalalalaaaaa
Tralalalala, Tralalalala Tralalalalalaaaaa







# Ef sólin væri......

Ef sólin væri á bragðið eins og sleikjó,
rosalegt fjör yrði þá! Ég myndi halla mér
aftur með tunguna út a - ha, a - ha, a - ha - a.
Rosalegt fjör yrði þá!
Ef regnið væri úr bleiku bangsagúmmíi...
Ef snjórinn væri úr sykurpúðapoppi...
Ef leikskólinn væri úr súkkulaðiköku...

# Mánuðurnir


Janúar




Febrúar


Mars


Apríl


Maí


Júní


Júlí


Ágúst


September


Október


Nóvember


Desember

Og þá eru komin jól hjá mér

# Tombai

Tombai, tombai Tombai,
tombai Tombai,tomai,
tombai. Don, don,don
Di ri di ri don
Tra la la la la
Tra la la la la
Tra la la la la la
Hey!







# Stóra brúin

Stóra brúin fer upp og niður, upp og niður, upp og niður.
Stóra brúin fer upp og niður allan daginn.
Bílarnir aka yfir brúna, Skipin sigla undir brúna, Flugvélar
fljúga yfir brúna,
Fiskarnir synda undir brúna,
Fuglarnir fljúga yfir brúna,
Fólkið gengur yfir brúna,
Krakkarnir hlaupa yfir brúna,



# Upp, upp, upp á fjall

Upp , upp , upp á fjall
upp á fjallsins brún
Niður, niður, niður, niður
Alveg niður á tún

# Strætólagið

Hjólin á strætó snúast hring, hring, hring, hring, hring hring, hring hring, hring. Hjólin á strætó snúast hring, hring hring, út um allan bæinn.







Hurðin á strætó opnast út og inn...
Peningarnir í strætó segja kling, kling, kling
Flautan í strætó segjir bíb, bíb, bíb
Fólkið í strætó segir bla, bla, bla
Börnin í strætó segja hí,hí,hí
Bílstjórinn í strætó segir us,us,us.





# Bangsi lúrir

Bangsi lúrir, Bangsi lúrir bæli sínu í
hann er stundum stúrinn stirður eftir
lúrinn að hann sofi, að hann sofi enginn
treystir því.



# Þrisvar sinnum smell.



Þrisvar sinnum smell
Syngja ofur blítt, la la la la la
Kinka svo kolli
smella lágt í góm
Hendurnar upp
og hreyfa til og frá
en ekki hafa hátt uss, uss, uss
en ekki hafa hátt uss, uss, uss.





# Við erum góð

Við erum góð, góð hvert við annað. Stríðum ekki eða meiðum neinn. Þegar við grátum huggar okkur einhver. Þerrar tár og klappar okkar kinn..







# Skemmtilegast að leika sér



Það er skemmtilegast að leika sér þegar allir eru með í stórum hóp inn um hlátrasköll geta ævintýrin skeð svo vertu velkominn nýji vinur minn það er skemmtilegast að leika sér þegar allir eru með.



Það er ótrúlegt hverju lítið bros fengið getur breytt getur glatt og huggað jafnvel þá em við þekkjum ekki neitt. Svo vertu velkominn nýi vinur minn. Það er ótrúlegt hverju lítið bros fengið getur breytt.



# Knús lagið

Ég er svo fús (A7) til að gefa þér knús (D) knúsumst öll saman (G) því það er svo gaman (G) Ég er svo fús til að (A7) til að gefa þér knús (D) Gefðu mér knús (G) í dag (G) Haltu hlý (A7) lega um mig og (D) láttu mér líða (G) vel (G) Ég held hlý (A7) lega um þig og (D) sýni þér vinar - (G) þel óóójááá... .





# Krummi svaf í klettagjá

(A)Krummi svaf í (E)klettagjá
(A)kaldri vetrar(E)nóttu (A)á
(A)verði margt að (D)meini (A)verði
margt að (D)meini Fyrr en dagur
fagur rann freðið nefið dregur
hann undan stórum steini undan
stórum steini







# Bri, brú brassa!



Bri, brú, brassa!
Brella!Brassa!
Brí,brú, brassa!
Brella!Brassa!

Eftir hvert upphrópunarmerki er slegið létt á útblásna kinn með kreppnum hnefa.



# Dúkkan hennar Dóru

Dúkkan hennar Dóru var með sótt, sótt sótt.
Hún hringdi og sagði lækni að koma fljótt, fljótt, fljótt.
Læknirinn kom með sína tösku og sinn hatt.
Hann bankaði á dyrnar ratatatata.
Hann skoðaði dúkkuna og hristi sinn haus.
Hún strax skal í rúmið og ekkert raus.
Hann skrifaði á miða hvaða lyf hún skildi fá,
„ég kem aftur á morgun ef hún er enn veik þá".





# Hó,hó



Hérna koma nokkur risa tröll Hó,hó!
Þau öskra svo það bergmálar úr fjöll. Hó, hó!
Þau þramma yfir þúfurnar svo
fljúga burtu dúfurnar en bak við

ský er sólin hlý í leyni, hún skín
á tröll þá verða þau að steini.





# Það var eitt sinn kónguló

Það var eitt sinn könguló sem hafði átta fætur. Því þurfti hún að fara snemma á átta fætur og fara í skóna og reima skóna á átta fætur. Hún taldi 1-2-3-4-5-6-7-8. Átta fætur! :,:Tralla ralla, hm,hm,hm,hm.:,:






# Lita gleði



Græn eru laufin og grasið sem grær. Glóðin er rauð og eldurinn skær. Fífill og Sóley eru fagurgul að sjá. Fjöllin og vötnin og loftin eru blá. Hvítur er svanur sem syndir á tjörn. Svartur er krummi og öll hans börn.







# Lóan er komin

Lóan er komin að kveða burt snjóinn,
að kveða burt leiðindi, það getur hún.
Hún hefur sagt mér að senn komi spóinn,
sólskin í dali og blómstur í tún.
Hún hefur sagt mér til syndanna minna,
ég sofi of mikið og vinni ekki hót.
Hún hefur sagt mér að vaka og vinna,
vonglaður taka nú sumrinu mót.



# Kalli litli kónguló

Kalli litli kónguló klifraði
upp á vegg.
svo kom rigning og Kalli
litli féll.
Upp kom sólin og
þerraði hans kropp.
Þá gat Kalli litli kónguló
klifrað upp á
topp.



# Vikudagarnir

Sunnudagur og sitja saman.
Mánudagur og Mannfreð bakar.
Þriðjudagur og þvott á snúru.
Miðvikudagur og mæðir á.
Fimmtudagur og fara í heimsókn.
Föstudagur og fullt að kaupa.
Laugardagur og laga til
1,2,3,4,5,6,7
dagar og kallast Vika!















# A og Bé

A og bé, spott og spé,
grísinn galar uppi í tré.
Lítil mús til okkar fús,
kom og byggði hús.




Lamb í baði
borðar súkkulaði.
Hundur jarmar,
galar grísinn hátt.


Meeeee


Gaggalagú

.

A og bé,
spott og spé,
grísinn galar
upp í tré.
Hróp og köll um
víðan völl
og þá er sagan
öll.







Endir

# Gull og perlur

Gulli og perlum að safna sér
sumir endalaust reyna
vita ekki að vináttan er
verðmætust eðalsteina.









Gull á ég ekki að gefa þér
og gimsteina ekki neina
en viltu muna að vináttan er
verðmætust eðalsteina.

# Tvær litlar mýs

Lag: Óli fór til Bertu

Tvær litlar mýs, stukku út á ís
polli volli, dúlli volli dei.
Ein hét Unnur
og ísinn var þunnur
polli volli, dúlli volli dei
Hin hét Inga
og ísinn var að springa
polli volli, dúlli volli dei.
og ísinn sprakk og Unnur datt
polli volli, dúlli volli dei.













# Vinkar og vinkar mér

Lag: Hver var að hlæja

Hvar er hún/hann ____, Er hún/hann ____hér?

Kannski hún/hann ____ vilji vinka mér?

____ hún/hann vinkar og vinkar mér.

Mikið er skemmtilegt að hafa þig hér.

# Ein sit ég og sauma




Ein sit ég og sauma inni litlu húsi. Enginn kemur að sjá mig nema litla músin. Hoppaðu upp og lokaðu augunum. Bentu í austur, bentu í vestur. Bentu á ,þann sem að þér þykir bestur.



# Foli, foli fótalipri

:,:Foli, foli fótalipri flýttu þér nú heim að:,: :,:Tra-ri ral-la-la flýttu þér nú heim að bæ:,:





:,:Heima mun þín heyið bíða en hjá mömmu koss ég fæ:,: :,:Tra-ri ral-la-la en hjá mömmu koss ég fæ:,:



:,:Herðir hlaupin hlaupagarpur hreint ei telur sporin sín:,: :,:Tra-ri ral-la-la hreint ei telur sporin sín:,:



# Gráðug kerling

Gráðug kelling hitaði sér velling og borðaði (namm, namm, namm) síðan sjálf (jamm, jamm, jamm af honum heilan helling. Svangur kallinn varð alveg dolfallinn og starði svo (sko, sko, sko) heilan dag (o, ho, ho) ofan í tóman dallinn.





# Hver var að hlæja

Hver var að hlæja þegar ég kom inn? Kannski það hafi verið kötturinn. Jæja nú jæja, látum hann hlæja, kannski hann hlæi ekki í annað sinn. Jæja nú jæja, látum hann hlæja, kannski hann hlæi ekki í annað sinn.



# Sól, sól skín á mig



Sól sól skín á mig ský ský burt með þig. Gott fyrir sólina að gleðja sig sól sól skín á mig. Sólin er risin, sumar í bænum, sveitirnar klæðast feldinum grænum. Ómar allt lífið af yndi og söng unaðsbjörtu dægrin löng.





# Tröllalagið

Hátt uppi fjöllunum þar búa tröllin Tröllamamma tröllapabbi og litli tröllirölli Þú sagði tröllamamma Þú sagði tröllapabbi En hann litli trölli rölli sagði ekki neitt - uss



# Drippidí-dripp

[D]Drippidí dripp, [G]droppití dropp.
[A]drippidí, drippidí, [D]droppidídropp.
[D]drippidídripp, [G]droppití dropp
[A] drippitídrippití [D] dropp. [G]Ja,
rigning hér, [D] rigning þar
[A]rigningin er allstaðar [D] en sama
er mér, [G]og sama er þér [A] við
sullum og bullum [D] hér.



